

BORGARRÁÐ 17. ágúst 2023: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um biðlista vegna leikskólaplássa og aðlögunar leikskólabarna - MSS23080069

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi fyrirspurn um hvað margir foreldrar barna sem byrja eiga í leikskóla í ágúst, september hafa ekki fengið staðfesta dag sem barn þeirra hefur aðlögunarferlið? Einnig hvað margir foreldrar hafa ekki enn fengið staðfestingu um leikskólapláss? Hinn árlegi vandi er nú í algleymingi sem er óvissa og angist foreldra barna sem hefja eiga leikskólagöngu í haust. Fjöldi foreldra hafa ekki hugmynd um hvenær barn þeirra getur hafið aðlögun hvað þá byrjað sinn fyrsta dag í leikskóla. Vandinn er ekki minni hjá foreldrum sem eru að sækja um hjá einkareknum ungbarnaleikskólum sem ekki geta svarað hvenær eldri börn flytjast yfir í almenna leikskóla borgarinnar. Reykjavíkurborg er flöskuháls. Fulltrúi Flokks fólksins hefur heyrt í foreldrum sem lifa í angist og óvissu um hvort þeir geti hafið vinnu eftir sumarfrí. Þeir fá engin svör hvort heldur frá leikskólum eða borgaryfirvöldum/skóla og frístundasviði. Í reglum segir að foreldrar eigi að fá þessar upplýsingar eigi síðar en fjórum vikum áður en leikskóladvöl hefist, miðað við 1. eða 15. hvers mánaðar.